



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 16. janúar 2007

Ákvörðun nr. 2/2007

Kaup Senu ehf. á Consert ehf.

1.

Með bréfi Einars Þórs Sverrissonar hdl., f.h. Senu ehf. og Consert ehf., dags. 15. desember 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Senu ehf. (Senu) á ráðandi hlut í Consert ehf. (Consert). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdu einnig ársreikningar Consert fyrir árin 2004 og 2005, auk fundargerðar hluthafafundar Consert sem og hluthafasamningur milli aðila, dags. 14. október 2006. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreind kaup í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga en af þeim sökum fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni segir að aðdragandi samrunans hafi verið sá að Einar Þór Bárðarson, eigandi Consert, hafi leitað til Senu um aðkomu Senu að félaginu. Í kjölfarið hafi verið gengið frá samningi þann 14. október 2006, þar sem samþykkt hafi verið að auka hlutafé félagsins um kr. [...]² að nafnverði sem síðan var selt til Senu á genginu [...]³. Með þessu hafi hlutafé Consert í raun verið aukið um kr. [...]⁴. Hafi Sena með þessu eignast [...]⁵% hlut í Consert.

Í tilkynningunni kemur fram að Sena starfi á mörkuðum fyrir útgáfu og heildsölu á tónlist og heildsölu á DVD-myndum og tölvuleikjum. Þá reki Sena einnig kvikmyndahús og sinni upptökustarfsemi. Starfsemi Consert hafi hins vegar verið á markaði fyrir innflutning á erlendum sviðslistamönnum og fyrirlesurum hingað til lands. Segir í tilkynningunni að aðkoma Senu að Consert sé því fremur í því fólgin að breikka starfsemi Senu frá því sem verið hefur, en að efla núverandi starfsemi Senu.

3.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna kaupa Senu á Consert. Er í þessu sambandi vísað til

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.



Þess að ekki virðist vera skörun á starfsemi félaganna sem hefur í för með sér röskun á samkeppni. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi, dags. 14. október 2006, keypti Sena ehf. ráðandi hlut í Consert ehf. Felur þetta í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson